



Umboðsmaður Alþingis

Þórshamri
Templarasundi 5
101 Reykjavík

Yðar tilvísun: F118/2022

Efni: Loftbrú

Með bréfi dags. 26. september sl. óskaði Umboðsmaður Alþingis eftir því við Vegagerðina að hún veitti upplýsingar um verklag við greiðslupátttöku íslenska ríkisins í flugfargjöldum íbúa sem eiga lögheimili á landsbyggðinni. Ábending hafði borist Umboðsmanni um að einungis væri unnt að nýta umræddan styrk með því að skrá sig inn á þjónustuvefinn island.is til að nálgast afsláttarkóða sem notaður er til að bóka flug hjá flugfélögum.

Í lok janúar 2020 skipaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra starfshóp sem hefði það hlutverk að útfæra greiðslupátttöku ríkisins í farmiðum íbúa á landsbyggðinni á þann veg að hún yrði með sambærilegum hætti og framkvæmd skoskra stjórnvalda á þessu sviði (Air Discount Scheme). Starfshópurinn var leiddur af Vegagerðinni, en Vegagerðin hefur umsjón með styrkveitingum vegna almenningsgangna sbr. 2. tl. 1. mgr. 7. gr. laga um Vegagerðina nr. 120/2012. Fjármagn til greiðslupátttöku ríkisins er ákvarðað í samgönguáætlun.

Afsláttarkóðinn er persónubundinn og óframseljanlegur og er sótt um hann á vefsvæðinu Island.is sem er upplýsinga- og þjónustuveita opinberra aðila á Íslandi. Þar sem afsláttarkóðanum er úthlutað með stafrænni þjónustu þarf umsækjandi að auðkenna sig með stafrænum skilríkjum. Í framhaldi af auðkenningu er kannað hvort umsækjandi uppfylli skilyrði fyrir styrknum, þ.e. kannað er hvar viðkomandi eigi skráð lögheimili og hversu marga kóða viðkomandi hafi fengið úthlutað, og er það ferli sjálfvirkt og með stafrænum hætti.

Vonir eru bundnar við að væntanleg tenging Island.is við umboðsmannakerfi og tenging við upplýsingar um persónulega talsmenn fatlaðra gefi auk þess enn fleirum kost á því að nýta sér Loftbrú með stafrænum hætti en í stefnu um stafræna þjónustu hins opinbera sem gefin var út í júlí 2021 kemur fram að stefnt sé að því að samskipti við almenning verði að meginstefnu til með stafrænum hætti.

Hingað til hefur eingöngu verið hægt að sækja um kóðann með sjálfvirkum stafrænum hætti en Vegagerðin hefur hafið vinnu við að gera stofnuninni kleift

að úthluta kóðanum til einstaklinga sem ekki geta auðkennt sig með stafrænum hætti en þurfa þá, á sama hátt og umsækjendur sem sækja um með stafrænum hætti, að framvísa fullgildum skilríkjum til þess að sanna á sér deili.

Frekari upplýsingar verða fúslega veittar.

Síða 2/2

Vegagerðin

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Ásta Guðrún Beck

Undirskrift


